

Miðvikudaginn 10. desember 1958.

Nr. 28/1957. **Magnús Kjartansson** (Ragnar Ólafsson hrl.)  
 gegn  
**Ingvari S. Ingvarssyni**  
 (Gústaf A. Sveinsson hrl.)  
 og gagnsök.

**Dómendur:**

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-  
 son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur  
 Jóhannesson.**

Meiðyrða- og skaðabótamál. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1957. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 9. september 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. ágúst s. á. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmd þingsta refsing, sem lög leyfa, að ummæli, sem í héraðsdómi greinir, verði dæmd ómerk og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum fébætur, kr. 75.000.00, hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dóms í málnu, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hin saknæmu ummæli, sem rakin eru í héraðsdómi, eru færð þar til rétttra refsíakvæða að öðru en því, að orðin „ræðst hann með ofstopa“ þykja varða við 234. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu, ómerkingu ummæla og skaðabætur þykir mega staðfesta, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Fjárhæð til greiðslu kostnaðar gagnáfrýjanda af birtingu dóms ákveðst kl. 500.00.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði

gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

### Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu, ómerkingu ummæla og skaðabætur eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi, Magnús Kjartansson, greiði gagnáfrýjanda, Ingvari S. Ingvarssyni, birtingarkostnað, kr. 500.00, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Sératkvæði

#### Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ósannað er, að gagnáfrýjandi hafi átt sök á fjárþroti Glersteypunnar h/f, og eigi eru meynrði þau og aðdróttanir á hendur honum, sem um er stefnt og rakin eru í héraðsdómi, heldur réttlætt á annan hátt, að öðru en því að leitt er í ljós, að allmikill misbrestur hefur orðið á kaupgreiðslum til verkamanna. Sum meynrðin eru mjög meiðandi, einkum þessi:

„hefur nú fengið fjóra þeirra“ (þ. e. verkamanna) „til að kæra Dagsbrún fyrir Félagsdómi á upplognum forsendum“ . . .

„hinum ósvífnustu fjárglæfrum Ingvars Ingvarssonar“ . . .

„hefur gabbað og svikið fjölda fyrirtækja og einstaklinga“ og „Ingvar Ingvarsson, er . . . hreinn glæframaður í fjármálum“. Þegar litið er til þessa og gætt er ákvæða laga nr. 14/1948, tel ég refsingu aðaláfrýjanda hæfilega ákveðna 2000 króna sekt í ríkissjóð, en til vara 12 daga varðhald.

Bætur gagnáfrýjanda til handa samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga tel ég hæfilegar kr. 3000 ásamt vöxtum, svo sem segir í héraðsdómi.

Að öðru leyti er ég samþykkur forsendum og dómsorði meirihluta dómenda.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi, Magnús Kjartansson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 12 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Ingvari Ingvarssyni, kr. 3000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1955 til greiðsludags, kr. 500.00 til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Ingvar Ingvarsson framkvæmdastjóri, Efstasundi 49, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 21. febrúar 1956, gegn Magnúsi Kjartanssyni ritstjóra, Háteigsvegi 42, hér í bænum, vegna ummæla um stefnanda í grein, sem birtist í „Þjóðviljanum“, sem út kom 11. febrúar 1956.

Stefnandi telur efni greinar þessarar með öllu rangt og stórlega meiðandi fyrir sig. Sækir hann í máli þessu eftirfarandi undirstrikuð ummæli:

„SVÍKUR VERKAMENN UM KAUP“ . . .

„Herfileg framkoma Glersteypu-forstjórans“ . . .

„hefur glerverksmiðjan komið mjög herfilega fram við verkamenn“ . . . „brotið á þeim loforð og svikið af þeim kaup. Hefur þar fyrst og fremst verið að verki framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, Ingvar Ingvarsson, . . . Hann hefur nú bætt gráu ofan á svart“ . . . „og hefur nú fengið fjóra þeirra til að kæra Dagsbrún fyrir félagsdómi á upplognum og hlægilegum forsendum“ . . .

„Þjóðviljinn hefur skýrt frá fjárhagsörðugleikum verksmiðjunnar, sem stafa . . . sumpart af hinum ósvífnum fjárglæfrum Ingvars Ingvarssonar, sem hefur gabbað og svikið fjölda fyrirtækja og einstaklinga“ . . . „svikja kaupid af verkamönnum“ — „enn sveik Ingvar“ . . . „með loforðum og hótunum“ . . . „þetta er

ófögur saga, og þess skal getið, að hluti af stjórn glerverksmiðjunnar hefur viljað beita síðaðra manna vinnubrögðum og standa í skilum við verkamenn. En Ingvar Ingvarsson er *Heimdallarhrokinn uppmálaður* og auk þess hreinn glæframaður í fjármálum“ . . . „ræðst hann með ofstopa“ . . . Á sama hátt hefur hann leikið fjölda manna og fyrirtækja, haft út úr þeim fé, narrað þá til að kaupa hlutabréf eftir að allt var komið í óefni“ . . .

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur:

að stefndi verði fyrir hin tilgreindu meiðandi og móðgandi ummæli dæmdur til refsingar samkvæmt 234.—236. grein almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940,

að hin óviðurkvæmilegu ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga,

að stefndi verði dæmdur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga til þess að greiða stefnanda bætur fyrir hneisu og fjártjón, er stefnandi hefur beðið og bíða kann af umræddu efni, með kr. 75.000.00, auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi sátta-kæru, 18. febrúar 1956, til greiðsludags,

að stefndi verði samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð að mati dómarans til stefnanda til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum, og

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda allan kostnað málsins að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómarans.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hin umstefndu ummæli séu rétt í öllum aðalatriðum. Hér sé um að ræða stórfyrirtæki, stutt af opinberri fjármálastofnun ríkisins. Fyrirtækið hafi ekki getað staðið í skilum með kaupgreiðslur. Hafi stefndi talið eigi hjá því komizt að skýra opinberlega frá því, að eigi væri allt með felldu í rekstri þess. Hafi hann talið nauðsynlegt í því sambandi að geta forstjóra fyrirtækisins, stefnanda í máli þessu, að nokkru og segja ýmislegt, sem stefndi hafi talið sig vita um hann, þar sem fjárhagsvandræði fyrirtækisins yrðu ekki almenningi skiljanleg með öðru móti. Fyrrgreind blaðagrein hafi því verið almenn gagnrýni á fyrirtækið og ummælin um stefnanda alls ekki meiðandi.

Stefndi hefur að nokkru fært líkur að reksturserfiðleikum fyrirtækisins. Hins vegar hefur hann ekki réttlætt ummæli sín um stefnanda persónulega.

Fallast má á það með stefnanda, að framangreind tilvitnuð ummæli séu móðgandi og meiðandi fyrir hann, og verða þau nú athuguð hver um sig.

Ummælin „hefur nú bætt gráu ofan á svart“, „ófögur saga“ og „Heimdallarhrokinn uppmálaður“ verða talin móðgandi fyrir stefnanda. Þykja þau varða við 234. gr. almennra hegningarlaga og ber að refsastefnda fyrir þau.

Ummælin: „svíkur verkamenn um kaup“, „Herfileg framkoma“, „komið mjög herfilega fram“, „brotið á þeim loforð og svikið af þeim kaup“, „hefur nú fengið fjóra þeirra til að kæra Dagsbrún fyrir félagsdómi á upplognum og hlægilegum forsendum“, „hinum ósvífnustu fjárglæfrum Ingvars Ingvarssonar“, „hefur gabbað og svikið fjölda fyrirtækja og einstaklinga“, „svíkja kaupið af verkamönnum“, „enn sveik“, „með loforðum og hótunum“, „hreinn glæframaður í fjármálum“, „ræðst hann með ofstopa“, og „á sama hátt hefur hann leikið fjölda manna og fyrirtækja, haft út úr þeim fé, narrað þá til að kaupa hlutabréf eftir að allt var komið í óefni“, verða talin vera meiðandi fyrir stefnanda. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga og ber að refsastefnda fyrir þau.

Refsing stefnda þykir hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Þá ber að ómerkja hin tilvitnuðu ummæli með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Fallast má á það með stefnanda, að ummælin séu til þess fallin að valda honum hneisu og álitshnekki. Með vísan til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur af þeim sökum, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 1.500.00 með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Þá þykir samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga bera að dæma stefnda til greiðslu kostnaðar við birtingu dómsins í opinberu blaði. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 100.00.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Magnús Kjartansson, greiði 1000 króna sekt í

rikissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda, Ingvari S. Ingvarssyni, fébætur að fjárhæð kr. 1.500.00 með 6% ársvöxtum frá 18. febrúar 1956 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði og kr. 800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 10. desember 1958.

Nr. 109/1958. Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

**Stefáni Sigurðssyni**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-  
son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann  
Snævarr.**

Um rétt barnakennara til ellilífeyris.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst þ. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Þá krefst og málflutningsmaður stefnda þess, að honum verði dæmd málflutningslaun úr rikissjóði, hvernig sem málið fer.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra nr. 102/1943 gátu barnakennarar öðlazzt rétt til árlegs ellilífeyris úr sjóðnum með tvennum hætti: 1) með því að hafa verið sjóðfélagar í 10 ár, vera orðn-